

## Fundargerð aðalfundar 2020

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. árið 2020 var haldinn í Þjóðarbókhöllu á Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni, Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík, 11. júní 2020 kl. 14:30. Mættir voru fulltrúar 10 hluthafa sem eiga 83,24 % hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað og fundurinn sóttur af hluthöfum er fara með tilskilið magn hlutafjár. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur, hrl., fundarstjóra og Stefaníu Gunnarsdóttur, ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Viktor Jens Vigfússon, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning fyrirtækisins en hann var sendur til allra hluthafa fyrir fundinn.  
Ársreikningurinn var samþykktur.
3. Lögð var fram tillaga um breytingu á heimilisfangi í gr. 2 samþykkt. Tillagan var samþykkt.
4. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var tillagan samþykkt. Stöðurnar eru því skipaðar svo:
  - Viktor Jens Vigfússon (kt. 200767-4039), stjórnarmaður.
  - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
  - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
  - Pálína Magnúsdóttir (kt. 151163-7269) stjórnarmaður
  - Halldóra Jónsdóttir (kt. 271055-2779), varamaður í stjórn.
  - Guðrún Birna Finnsdóttir (kt. 270270-3609), varamaður í stjórn.
  - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
5. Hagnaður af rekstri ársins 2019 gengur til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess. Samþykkt einróma.
6. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2020 til aðalfundar 2021 haldist óbreytt þ.e. sé kr. 31.500 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
7. Önnur mál.  
Spurt var um tímasetningar á nýja kerfinu. Sveinbjörg svaraði því til að það ráðist af samningum sem ekki eru ennþá undirritaðir. Hún gerir ráð fyrir a.m.k. árs seinkun.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 15.30.



Erla S. Árnadóttir

Stefanía Gunnarsdóttir

